

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Ísafirði 14. október 2014

Efni og ályktanir 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill með bréfi þessu vekja athygli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á ályktunum og umfjöllunarefnum 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga sem haldið var þann 3. og 4. október s.l. á Þingeyri í Dýrafirði.

Málefni þingsins voru atvinnu og byggðaþróun svæðisins og sóknaráætlun landshluta. Einnig var lögð áhersla á það hvernig efla megi grunnskólana á Vestfjörðum. Áætlað var að fá fyrirlesara um málefni að sunnan, en vegna veðurs var ekki hægt að fljúga til Ísafjarðar og féll því síður á þinginu niður. Málefni voru hinsvegar rædd ítarlega á þinginu af sveitarstjórnarmönnum.

Þingið afgreiddi 20 ályktanir á þessu þingi og vill stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekja athygli ráðuneytissins á þeim ályktunum sem sterta málaflokka þess.

- Ályktun um Sóknaráætlun landshluta bls. 4 í skjali
- Ályktun um skort á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga bls. 4 í skjali.
- Ályktun um línuvílnun bls. 5 í skjali
- Ályktun um strandveiðar bls. 5 í skjali.
- Ályktun um veiðigjald bls. 5 í skjali.
- Ályktun um viðhald sauðfjárveikivanargirðinga bls. 6 í skjali
- Ályktun um afléttingu söluhaftha á sauðfé bls. 6 í skjali
- Ályktun um nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða bls. 9 í skjali.

Hér með er óskað að ofangreindar ályktanir verði teknar til umfjöllunar í ráðuneytinu og þeim stofnunum og nefndum sem undir það heyra. Vísast þá einnig til þinggerðar og annarra gagna þingsins því til stuðnings sem finna má á heimasíðu sambandsins.

http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/59_fjordungsthing_2014/

Virðingarfyllst
Fjórðungssamband Vestfirðinga



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri